



KVENNASKÓLINN
Í REYKJAVÍK

Skýrsla um sjálfsmat skólaárið 2025-2026



Kvennaskólinn í Reykjavík

September 2026

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	2
	Matsteymi skólans	3
1.1	Matsáætlun skólaársins 2025-2026	4
1.2	Tölulegar upplýsingar (nemendur)	4
	Innritun nýnema haustið 2025	4
	Skipting nemenda á námsbrautir greind eftir námsárum	5
	Skipting nemenda á námsbrautir greind eftir kyni	5
	Meðalaldur nemenda	5
	Skipting nemenda eftir búsetu (póstnúmer)	5
	Fjöldi brautskráðra stúdenta í desember 2025 og maí 2026 eftir námsbraut og alls	6
	Útskriftarhlutfall.....	6
	Viðvera nemenda skólaárið 2025-2026	6
1.3	Tölulegar upplýsingar (starfsfólk)	7
2.	Niðurstöður	7
2.1	Kennslu- og áfangamat	7
	Niðurstöður kennslu- og áfangamats skólaárið 2025-2026	7
	Mat á gæðum áfanga – kennaramat	8
	Niðurstöður	9
2.2	Foreldra- og nýnemakönnun.....	10
	Nýnemakönnun	10
	Niðurstöður og samanburður á milli ára - svör nýnema	10
	Könnun fyrir forráðamenn nýnema	12
	Niðurstöður og samanburður á milli ára - svör forráðamanna.....	12
2.3	Rýnihópar nemenda	16
	Niðurstöður rýnihópa	16
2.4	Stofnun ársins	17
	Helstu niðurstöður	17
2.5	Markmið, mælikvarðar, viðmið og staðan 2025 - 2026.....	19
3	Greining á niðurstöðum	21
3.1	Styrkleikar	21
	Nám og kennsla	21
	Stjórnun og fagleg forysta	21
	Innra mat	21
3.2	Tækifæri til umbóta	21
	Nám og kennsla	21
	Stjórnun og fagleg forysta	22
	Innra mat	22
4	Verkefni/aðgerðir	22
4.1	Markmið og úrbætur sem gerðar voru á skólaárinu 2025-2026	22
4.2	Markmið og úrbætur sem stefnt er að á skólaárinu 2026-2027	23

1. Inngangur

Kvennaskólinn í Reykjavík er bekkjarskóli og skólaárið 2025-2026 stunduðu um 690 nemendur nám á fjórum námsbrautum: Félagsvísindabraut, íslenskubraut, náttúruvísindabraut og starfsbraut. Námsstími til stúdentsprófs á félags- og náttúruvísindabraut er sveigjanlegur 3-4 ár en stefna skólans er að flestir ljúki námi til stúdentsprófs á þremur árum. Nemandi telst hafa lokið stúdentsprófi af félags- og náttúruvísindabraut hafi hann lokið 200 einingum samkvæmt námsskipulagi viðkomandi brautar með tilskildum árangri. Starfsbrautin er fjögurra ára nám á 1. þrepi og er námið ætlað nemendum sem þurfa sérhæft einstaklingsmiðað nám er mætir færni þeirra. Íslenskubraut tók til starfa haustið 2024. Námsbrautin er fyrir nemendum af erlendum uppruna á framhaldsskólaaldri. Námið á brautinni skiptist í fjórar annir og er megináhersla á íslenskukennslu á 1. og 2. þrepi.

Í skólanum er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti, mikið val, ábyrgð nemenda í námi, persónuleg og hlý samskipti, gildi tjáningar og þá samskiptahæfni sem nauðsynleg er í samskiptum ólíkra einstaklinga í ólíkum aðstæðum. Þannig leggur skólinn áherslu á að veita nemendum sem besta menntun í námsumhverfi þar sem þeim líður vel og þeir læra að bera ábyrgð á námi sínu. Eitt helsta markmið skólans er að veita nemendum haldgóða og vandaða menntun og búa þá sem best undir frekara nám.

Nemendur skólans eru í dag um 690 og starfsfólk um 75 talsins. Við skólann starfar vel menntaður og reynslumikill hópur kennara og annars starfsliðs. Skólabragur skólans einkennist af heimilislegu andrúmslofti, jákvæðni, góðri umgengni, góðum samskiptum nemenda og starfsfólks og gagnkvæmri virðingu þeirra á milli. Hlutverk skólans er að stuðla að alhliða þroska nemenda og virkri þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi og eru meginmarkmið skólastarfsins að:

- Veita nemendum sem besta menntun í námsumhverfi þar sem þeim líður vel og læra að bera ábyrgð á námi sínu
- Búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífinu
- Efla siðferðisvitund, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda
- Hvetja til þekkingarleitar og þjálfna nemendur í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum, jafnrétti og gagnrýninni hugsun

Kvennaskólinn hefur í samvinnu við starfsfólk og nemendur sett sér gildi sem höfð eru að leiðarljósi í öllu starfi skólans. Gildi skólans eru:

- **Umhyggja**

Við berum umhyggju fyrir nemendum, samstarfsfólki og samfélaginu og miðum að því að skapa vinnuumhverfi þar sem virðing og fjölbreytni fá að njóta sín.

- **Ábyrgð**

Við berum ábyrgð á námi okkar og starfi og höfum vonduð vinnubrögð, heiðarleika og fagmennsku að leiðarljósi í skólastarfinu. Við leggjum áherslu á gagnkvæma ábyrgð innan skólans og gagnvart samfélaginu og umhverfinu.

- **Fjölbreytileiki**

Við fögnum fjölbreytileikanum og berum virðingu fyrir mismunandi menningu og uppruna, þvert á kyn og stöðu einstaklinga. Í skólanum er lögð áhersla á fjölbreytt námsframboð, kennsluhætti og námsmat sem reynir á mismunandi hæfni nemenda.

Framtíðarsýn skólans er að:

- Kvennaskólinn í Reykjavík sé leiðandi og framsækinn framhaldsskóli í námi og kennslu þar sem kennsluhættir og fagleg vinnubrögð eru í samræmi við bestu þekkingu, tækni og búnað hverju sinni.
- Námi og námsframboði í skólanum sé í stöðugri þróun og fjölbreytt áfangaval í boði.
- Kvennaskólinn í Reykjavík sé eftirsóknarverður vinnustaður þar sem boðið er upp á gott starfsumhverfi og aðbúnað fyrir allt starfsfólk með áherslu á öryggi, vellíðan, starfsþróun, faglega samvinnu og uppbyggjandi samskipti.
- Í skólanum sé í boði sterk stoðþjónusta sem starfi í þágu farsældar barna og hæfi nemendahópnum hverju sinni.

Kvennaskólinn í Reykjavík starfar eftir lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 og gildandi aðalnámskrá þar sem kveðið er á um að framhaldsskólar skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs og vinna markvisst að umbótum. Markmið mats og eftirlits er meðal annars að veita upplýsingar um starfsemi og árangur skólans, stuðla að auknum gæðum náms og kennslu og tryggja að starfsemin sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá.

Mat á skólastarfi í Kvennaskólanum er hluti af stöðugu umbótastarfi skólans og byggist á innra mati sem framkvæmt er af matsteymi skólans með þátttöku stjórnenda, starfsfólks, nemenda og foreldra. Innra matið er umbótamiðað, byggir á fjölbreyttum gögnum og er nátengt stefnu skólans, skólanámskrá og reglubundinni markmiðasetningu. Helstu niðurstöður mats og áætlanir um umbætur eru birtar opinberlega á heimasíðu skólans.

Árlega setur skólinn sér markmið og aðgerðaáætlun í samræmi við stefnu sína og niðurstöður innra mats. Jafnframt vinnur skólinn þriggja ára stefnumiðaða áætlun sem birt er í áætlanakerfi ríkisins, Akra, þar sem markmið, mælikvarðar og áherslur í starfseminni eru skilgreind. Saman mynda matsáætlanir, sjálfsmatsskýrslur, stefnumiðaðar aðgerðaáætlanir og þriggja ára áætlanir grunn að markvissu gæðastarfi og stöðugum umbótum í Kvennaskólanum.

Áætlun og markmið fyrir skólaárið 2025-2026 sjá hér:

- [Matsáætlun skólans fyrir árin 2025-2027](#)
- [Matsáætlun skólans fyrir árin 2026-2028](#)
- [Niðurstöður úr sjálfsmati skólaársins 2024-2025](#)
- [Markmið og aðgerðir](#) skv. stefnumiðaðri áætlun 2025-2027
- [Markmið og aðgerðir](#) skv. stefnumiðaðri áætlun 2026-2028

Matsteymi skólans

Skólaárið 2025-2026 var Björk Þorgeirsdóttir áfangastjóri, verkefnisstjóri sjálfsmats. Matsteymi um sjálfsmat skólans stýrir starfinu en það skipa verkefnisstjóri, stjórnendur, fulltrúar kennara,

foreldra og nemenda. Verkefnisstjóri stýrir fundum teymisins, ritar fundargerðir og árlega skýrslu um sjálfsmatið.

Matsteymi skólans, skólaárið 2025 - 2026:

Kolfinna Jóhannesdóttir, skólameistari

Ásdís Arnalds, aðstoðarskólameistari

Björk Þorgeirsdóttir, áfangastjóri og verkefnisstjóri sjálfsmats

Linda Björk Einarisdóttir og Valgerður S. Kristjánsdóttir, fulltrúar kennara

Arnar Leifsson og Jónína Margrét Sigurðardóttir, fulltrúar foreldra

Þórhildur Lilja Hafsteinsdóttir og Ragna Hlín Guðmundsdóttir, fulltrúar nemenda

Sjálfsmatsskýrsla þessi greinir frá niðurstöðum úttekta, kannana og annarra athugana sem framkvæmdar voru í Kvennaskólanum á skólaárinu 2025-2026. Auk þess tók skólinn þátt í eftirfarandi rannsóknnum og könnunum á skólaárinu 2025-2026:

- [Börn og fjölmiðlar](#), á vegum Menntavísindastofnunar Háskóla Íslands og Fjölmiðlanefndar (haust 2025).
- [Íslensku æskulýðsrannsókninni 2025-2026](#), sem Menntavísindasvið Háskóla Íslands framkvæmdi fyrir mennta- og barnamálaráðuneytið (haust 2025).
- Ferðavenjukönnun framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu (vor 2026).

1.1 Matsáætlun skólaársins 2025-2026

Haustönn 2025	Vorönn 2026
Kennslu- og áfangamat: - Félagsgreinar, saga og heilsulæsi - Lagt fyrir í nóvember 2025 Viðhorfskannanir - Móttaka, upplýsingagiöf, ánægja með skólann, líðan og samsömun - Lagt fyrir nýnema og forráðamenn þeirra í október 2025	Kennslu- og áfangamat: - Íslenska og erlend tungumál - Lagt fyrir í mars 2026 Rýnihópar - Raddir nemenda – rýnihópar - Apríl 2026

1.2 Tölulegar upplýsingar (nemendur)

Nemendatölur miðast við fjölda nemenda við lokun vinnumats hverrar annar, þ.e. þremur vikum eftir að kennsla hefst.

Innritun nýnema haustið 2025

Haustið 2025 sóttu 957 nemendur í 10. bekk um skólavist á félags- og náttúruvísindabraut, 352 sem fyrsta val, 463 sem annað val og 142 sem þriðja val. Innritaðir voru 247 nemendur á 1. ár, 75 nemendur á félagsvísindabraut, 153 nemendur á náttúruvísindabraut, 13 nemendur á íslenskubraut og 6 nemendur á starfsbraut. Við úrvinnslu umsókna er unnið eftir [verklagsreglum](#) skólans um inntöku nýnema.

Kynjaskipting innritaðra nemenda í 1. bekk

Karlar (kk)	Konur (kvk)	Kynsegin	Samtals
53	194	0	247

Á vorönn 2026 voru innritaðir níu nemendur, þrír nemendur á félagsvísindabraut, tveir nemendur á íslenskubraut og fjórir nemendur á náttúruvísindabraut.

Skipting nemenda á námsbrautir greind eftir námsárum

Námsbraut	Haust 2025				Vor 2026			
	1 bekkur	2 bekkur	3 bekkur	4 bekkur	1 bekkur	2 bekkur	3 bekkur	4 bekkur
Félagsvísindabraut	75	75	98	3	77	77	99	2
Náttúruvísindabraut	152	126	109	5	151	124	108	1
Starfsbraut	6	5	6		5	5	6	
Íslenskubraut	12	18			15	18		
Samtals	690				688			

Skipting nemenda á námsbrautir greind eftir kyni

Námsbraut	Haust 2025			Vor 2026		
	Karl	Kona	Kynsegin	Karl	Kona	Kynsegin
Félagsvísindabraut	45	206	0	48	207	0
Náttúruvísindabraut	104	288	0	98	286	0
Starfsbraut	8	9	0	8	8	0
Íslenskubraut	15	15	0	17	16	0

Meðalaldur nemenda

Námsbraut	Haust 2025	Vor 2026
Félagsvísindabraut	16,8 ár	17,2 ár
Náttúruvísindabraut	16,6 ár	17 ár
Starfsbraut	16,8 ár	17,1 ár
Íslenskubraut	16,6 ár	17 ár

Skipting nemenda eftir búsetu (póstnúmer)

Gögnin byggja á skráðum heimilispóstnúmerum nemenda á haustönn 2025 (9. september 2025) og vorönn 2026 (27. janúar 2026).

Póstnúmer	Haustönn 2025 Fjöldi nem.	Vorönn 2026 Fjöldi nem.
Reykjavík (101, 102, 103, 107)	81	86
Reykjavík (104, 105, 108)	140	140
Reykjavík (109, 111)	46	43
Reykjavík (110, 112, 113)	144	145
Seltjarnarnes (170)	17	16
Mosfellsbær (270, 271)	44	45
Kópavogur (200, 201, 203)	67	63
Garðabær (210, 225)	31	28
Hafnarfjörður (220, 221)	74	74
Suðurnes (190, 230, 240, 245, 260, 262)	16	15
Vesturland og Vestfirðir (300, 310, 311, 355, 356, 360, 450)	10	11
Norðurland (600)	1	1
Suðurland (780, 800, 805, 810, 815, 880, 881, 900)	19	18

Fjöldi brautskráðra stúdenta í desember 2025 og maí 2026 eftir námsbraut og alls

Námsbraut	Haut 2025	Vor 2026
Félagsvísindabraut	1	95
Náttúruvísindabraut	4	100
Íslenskubraut		12
Alls	5	207

Útskriftarhlutfall

Eitt af markmiðum skólans er að sem flestir nemendur sem innritast á bóknámsbrautir til stúdentsprófs ljúki námi og brautskráist innan þriggja ára. Jafnframt er gert ráð fyrir að hluti nemenda taki lengri tíma til að ljúka 200 eininga stúdentsprófi. Námi á íslenskubraut er tveggja ára námi.

- Vorið 2026 voru 207 nemendur á þriðja ári á félags- og náttúruvísindabraut. Af þeim brautskráðust 195 nemendur vorið 2026, eða 94%. Jafnframt brautskráðust þrír nemendur úr 4. bekk.
- Haustið 2023 innrituðust 225 nemendur í 1. bekk. Vorið 2026 brautskráðust 195 þeirra, ellefu nemendur stefna að brautskráningu í desember 2026 og einn nemandi vorið 2027. Ef þær áætlanir ganga eftir munu alls 207 af 225 nemendum hafa brautskrást, sem samsvarar 92% útskriftarhlutfalli.
- Vorið 2026 voru 15 nemendur á öðru ári á íslenskubraut. Af þeim brautskráðust 12 vorið 2026, eða 80%.

Viðvera nemenda skólaárið 2025-2026

	Haut 2025	Vor 2026
Nemendur með 100% raunskólasókn	3,5%	2,4%
Nemendur með 96-100% raunskólasókn	29,2%	26,6%
Nemendur með 80-100% raunskólasókn	88,6%	90,5%
Nemendur með 96-100% skólasókn þegar tekið er tillit til veikinda og leyfa	82,2%	77,8%
Nemendur með <u>undir</u> 80% í raunskólasókn	11,2%	9,5%

Eitt af markmiðum skólans er að efla námskraft og auka ábyrgð nemenda. Skólasókn er einn af þeim mælikvörðum sem notaðir eru til að meta árangur. Viðmiðið fyrir árin 2025 og 2026 er að minnsta kosti 90% nemenda séu með 80-100% raunskólasókn. Á haustönn 2025 voru 88,6% nemenda með 80-100% raunskólasókn og á vorönn 90,5%. Að meðaltali voru því 89,6% nemenda með 80-100% raunskólasókn á skólaárinu 2025-2026.

Í skólareglum kemur fram að fari raunskólasókn niður fyrir 80% um leið og hún er undir 90% með vottorðum er litið svo á að nemandinn hafi sagt sig úr skóla. Samkvæmt [reglum skólans um skólasókn](#) fá nemendur sem eru í 25 einingum eða meira á önn eina einingu fyrir skólasókn ef [raunmæting](#) er 96% eða hærri. Nemendur geta alls fengið 5 einingar fyrir skólasókn á

námsferlinum. Haustönn 2025 fengu 25,2% nemenda einingu fyrir skólasókn og á vorönn 2026 fengu 24,6% nemenda einingu fyrir skólasókn.

1.3 Tölulegar upplýsingar (starfsfólk)

Fjöldi starfsfólks og stöðugildi 1. október 2025 og 1. mars 2026. Á haustönn 2025 var fjöldi starfsfólks 71 í 65,22 stöðugildum. Á vorönn 2026 var fjöldi starfsfólks 70 í 65,26 stöðugildum.

Skipurit skólans má sjá [hér](#).

	Haust 2025		Vor 2026	
	Fjöldi	Stöðugildi	Fjöldi	Stöðugildi
<i>Kennarar</i>	55	50.57	56	52.51
<i>Þjónustusvið</i>	9	7.75	9	8.25
<i>Nemendabjónusta</i>	2	1.40	2	1.50
<i>Veikindaleyfi</i>	3	2.50	1	1.00
<i>Leyfi</i>	2	2.00	2	2.00

2. Niðurstöður

2.1 Kennslu- og áfangamat

Á hverri önn fer fram kennslu- og áfangamat í skólanum. Matið er mikilvægur þáttur í eftirliti með gæðum náms og kennslu og hluti af innra mati skólans. Meginmarkmið kennslu- og áfangamatsins er að efla gæði náms og kennslu og stuðla að markvissum umbótum í skólastarfinu. Stefnt er að því að um þriðjungur kennslugreina sé metinn á hverri önn, þannig að hver kennari og hver áfangi sé metinn að minnsta kosti á tveggja ára fresti. Kennslu- og áfangamatið fer fram í Innu. Sjá verklagsreglur vegna kennslu-/áfangamats [hér](#).

Á haustönn voru áfangar í félagsgreinum, sögu og heilsulæsi metnir. Kennslu- og áfangamatið var lagt fyrir nemendur í Innu dagana 6. – 16. nóvember. Svarhlutfall var 81,3%.

Á vorönn voru áfangar í íslensku og erlendum tungumálum metnir. Kennslu- og áfangamatið var lagt fyrir nemendur í Innu dagana 8. – 17. mars. Svarhlutfall var 80,5%.

Skólinn hefur sett sér það markmið að auka gæði náms og kennslu og auka ábyrgð nemenda. Þessi markmið eru meðal annars mæld í kennslu- og áfangamatinu.

Markmiðin eru svohljóðandi:

- 65% nemenda sem telur kennsluaðferðir fjölbreyttar. Samsett gildi úr niðurstöðum skólaársins.
- 80% nemenda sem telur vinnufrið í kennslustundum góðan. Samsett gildi úr niðurstöðum skólaársins.

Niðurstöður kennslu- og áfangamats skólaárið 2025-2026

Haustönn 2025: Félagsgreinar, saga og heilsulæsi.

Vorönn 2026: Íslenska og erlend tungumál.

Niðurstöður kennslu- og áfangamats skólaárið 2025-2026	Haut 2025	Vor 2026
Telja kennsluaðferðir fjölbreyttar	63%	75%
Segja námsgögn áfanga góð	69%	76%
Segja kennara setja reglulega upplýsingar og leiðbeiningar inn í Innu	83%	81%
Segjast nota upplýsingar og leiðbeiningar frá kennurum í Innu	84%	87%
Segja kennara vera jákvæða í garð nemenda	78%	86%
Segja kennara ná að vekja áhuga á námsefninu	58%	66%
Segja kennara sýna áhuga á að nemendur taki framförum	72%	82%
Segjast geta leitað til kennara til að fá aðstoð við námið	72%	83%
Segja að kennarar skili úrlausnum með leiðbeinandi og uppbyggjandi athugasemdum	71%	75%
Telja almennt góðan vinnufrið í kennslustundum	73%	83%
Finnst fyrirkomulag námsmats sanngjarnt	81%	85%
Segja vinnuálag í áföngunum miðað við einingafjölda hæfilegt	78%	85%

Niðurstöður skólaársins sýna að markmið um fjölbreyttar kennsluaðferðir náðist, en 69% nemenda töldu kennsluaðferðir vera fjölbreyttar. Markmið um vinnufrið í kennslustundum náðist hins vegar ekki að fullu, þar sem 78% nemenda töldu vinnufrið góðan, sem er 2 prósentustigum undir markmiði.

Samhliða kennslu- og áfangamati sem lagt er fyrir nemendur í Innu gefst kennurum kostur á að koma á framfæri athugasemdum um þá hópa og áfanga sem metnir eru. Með því geta þeir veitt upplýsingar sem þeir telja mikilvægar fyrir túlkun niðurstaðna kennslu- og áfangamatsins. Þannig er safnað upplýsingum um þætti sem kunna að hafa áhrif á niðurstöðurnar, svo sem innleiðingu nýs námsefnis, breytingar á námsmati, tímasetningu kennslustunda, kennsluaðstæður og stofur, bekkjaranda eða aðra þætti sem geta haft áhrif á námsumhverfi og kennslu. Þessar upplýsingar eru skoðaðar samhliða niðurstöðum kennslu- og áfangamatsins og mynda hluta þeirra gagna sem stjórnendur rýna í við mat á kennslu og undirbúning starfsmannasamtala.

Mat á gæðum áfanga – kennaramat

Í skólanum er lögð áhersla á markvisst og vel þróað innra mat sem styður við stöðugar umbætur í skólastarfi. Innra matið byggir meðal annars á:

- fagmennsku og öflugu lærdómssamfélagi þar sem áhersla er lögð á samvinnu, faglegar samræður og ígrundun starfsfólks,
- vandaða upplýsingasöfnun og greiningu sem veitir yfirsýn yfir gæði og árangur skólastarfsins,
- aukin gæði náms og kennslu með það að markmiði að efla námsárangur nemenda.

Markviss fagleg ígrundun kennara á gæðum áfanga hófst á vorönn 2024. Í því skyni þróaði matsteymi skólans matsblað sem kennarar sem kenna sama áfanga fylla út sameiginlega. Áhersla var lögð á að hefja vinnuna með mati á öllum kjarnaáföngum á bóknámsbrautum til stúdentsprófs.

Mat á gæðum áfanga byggist á eftirfarandi fimm meginþáttum:

1. Grunnupplýsingar (hver metur, áfanganúmer og áfangaheiti).

2. Yfirlit áfanga (námsmarkmið, námsgögn, námsmat, einingafjöldi og áfangalýsing).
3. Námsmarkmið og kennsluaðferðir (kennsluhættir og hæfniviðmið).
4. Námsmat (einkunnareglur og skráningar í Innu).
5. Námsgögn (námssefni, hæfniprep og ítarefni).

	Fjöldi
Fjöldi áfanga metinn á vorönn 2024	22
Fjöldi áfanga metinn á vorönn 2025	15
Fjöldi áfanga metinn á vorönn 2026	16

Niðurstöður

Á skólaárinu 2025-2026 var unnið að mati á gæðum áfanga með kennaramati á félags- og náttúruvísindabraut. Kjarnaáfangar brautarinnar eru alls 59 talsins og hafa 53 þeirra, eða 90%, farið í gegnum slíkt mat. Markmið matsins er að styðja við markvissa þróun kennslu, námsmats og skipulags áfanga og skapa grundvöll fyrir umbætur á grundvelli gagna og faglegrar ígrundunar kennara. Unnið verður áfram að mati á gæðum áfanga á haustönn 2026 þar til allir kjarnaáfangar brautarinnar hafa verið teknir til skoðunar.

Styrkleikar

- Námsáætlanir og skipulag áfanga eru almennt vel unnin og styðja markmið náms og kennslu.
- Kennarar beita fjölbreyttum kennsluaðferðum og leggja áherslu á virka þátttöku nemenda.
- Námsmat er fjölbreytt og í samræmi við hæfniviðmið áfanga.
- Kennarar vinna markvisst að þróun kennsluhátta og nýtingu nýrra kennslu- og tæknilausna.
- Námssefni og verkefni eru endurskoðuð reglulega til að mæta þörfum nemenda.
- Áhersla er lögð á að efla sjálfstæði nemenda, ábyrgð á eigin námi og fjölbreytta nálgun við úrlausn verkefna.

Tækifæri til umbóta

- Tryggja enn betur samræmi í námsáætlunum og að allar nauðsynlegar upplýsingar komi þar fram.
- Halda áfram reglubundinni endurskoðun áfangalýsinga og hæfniviðmiða.
- Meta vinnuframlag nemenda með markvissum hætti í þeim áföngum þar sem þörf er á að skoða samræmi milli vinnuálags og einingafjölda.
- Efla enn frekar þjálfun nemenda í gagnrýninni hugsun, greiningu og röksemdafærslu þar sem við á.

2.2 Foreldra- og nýnemakönnun

Nýnemakönnun


Markmið skólans er að stuðla að auknum gæðum náms og kennslu. Góð móttaka nýnema er mikilvægur þáttur í því markmiði, þar sem hún hefur áhrif á líðan nemenda og aðlögun þeirra að skólasamfélaginu. Til að fylgjast með árangri á þessu sviði hafa nýnemar og forráðamenn þeirra undanfarin ár tekið þátt í könnunum þar sem meðal annars er leitað eftir mati á móttöku nýnema, kynningu á skólanum, nýnemaferð, líðan í skólanum og almennri ánægju með skólann. Niðurstöður kannananna eru nýttar sem hluti af umbótastarfi skólans.

Markmið skólans er að a.m.k. 90% nemenda líði vel í skólanum.


Á haustönn 2025 var lögð fyrir könnun meðal nýnema á 1. ári þar sem spurt var um móttöku nýnema, kynningu á skólanum, nýnemaferðina, líðan í skólanum og ástæður þess að skólinn varð fyrir valinu. Könnunin var lögð fyrir í Innu dagana 30. september til 7. október 2025. Alls svöruðu 218 nýnemar könnuninni, sem samsvarar 89% svarhlutfalli.

Niðurstöður og samanburður á milli ára - svör nýnema


Mynd 1: Hvernig fannst þér skólinn taka á móti nýnemum haustið 2025?




Mynd 2: Hvernig fannst þér skipulag og framkvæmd nýnemaferðarinnar?




Mynd 3: Kvennaskólinn var með opið hús fyrir 10. bekkinga 19. mars 2025. Hvernig fannst þér kynningin á skólanum á opna húsinu?



Mynd 4: Ertu sammála eða ósammála eftirfarandi fullyrðingu: *Mér finnst ég vera hluti af tilteknum hópi í skólanum.*




Mynd 5: Ertu sammála eða ósammála eftirfarandi fullyrðingu: *Í skólanum líður mér vel.*



Allir bekkir hafa umsjónarkennara. Markmið umsjónar er að styðja nemendur í námi og skólastarfi og stuðla að velferð þeirra í skólanum. Umsjónarkennarar veita ráðgjöf um nám og ástundun og eru jafnframt helstu tengiliðir milli skóla og heimilis þegar þörf er á samskiptum. Nemendur í 1. bekk hafa eina kennslustund á stundatöflu sem er sérstaklega ætluð til umsjónar.

Mynd 6: Ertu sammála eða ósammála eftirfarandi fullyrðingu: *Mér finnst ég hafa gott aðgengi að umsjónarkennaranum mínum.*



Nemendum gafst einnig kostur á að koma ábendingum og sjónarmiðum á framfæri við stjórnendur skólans með þremur opnum spurningum. Tölurnar í sviga sýna hversu margir nemendur nefndu viðkomandi atriði.


1. Af hverju valdir þú Kvennaskólann?
Algengustu ástæðurnar sem nemendur nefndu voru bekkjarkerfið (82), félagslífið (55), námið og námsskipulagið (38), gott orðspor skólans (31) og staðsetning hans (19). Færri nefndu heimsókn í skólann eða skólabrag sem ástæðu fyrir vali sínu (6).
2. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi félagslíf skólans?
Flestir þeirra sem svöruðu lýstu ánægju með félagslífið og sögðu frá jákvæðri upplifun af því (36). Jafnframt bárust ábendingar og tillögur um úrbætur (14).
3. Annað sem þú vilt koma á framfæri við stjórnendur skólans?
Nemendur komu meðal annars með ábendingar og tillögur sem vörðuðu nám, námsskipulag og kennslu (10), aðstöðu og þjónustu skólans (6) og próf eða prófatöflu (4).

Könnun fyrir forráðamenn nýnema


Könnun meðal forráðamanna nýnema sem hófu nám við skólann haustið 2025 var send út með tölvupósti 7. október. Gagnaöflun stóð til 20. október og alls bárust 194 svör.

Niðurstöður og samanburður á milli ára - svör forráðamanna


Mynd 7: Hvernig fannst þér skólinn taka á móti nýnemum núna í haust?




Mynd 8: Hvernig fannst þér skipulag og framkvæmd nýnemaferðarinnar?




Mynd 9: Notar þú Innu til að fylgjast með skólasókn barnsins þíns?




Mynd 10: Notar þú Innu til að fylgjast með námsárangri barnsins þíns?




Mynd 11: Ertu sammála eða ósammála eftirfarandi fullyrðingu: *Upplýsingastreymi frá skólanum er gott.*




Mynd 12: Ertu sammála eða ósammála eftirfarandi fullyrðingu: *Kynningarfundur fyrir forráðamenn nýnema var góður.*




Mynd 13: Ertu sammála eða ósammála eftirfarandi fullyrðingu: *Þegar á heildina er lítið er barnið mitt ánæggt í skólanum.*



Mynd 14: Hversu vel eða illa finnst þér starfsfólk skólans hafa leyst úr erindi eða erindum þínum?



Mynd 15: Svör forráðamanna sem hafa þurft að leita til skólans. Hversu vel eða illa finnst þér starfsfólk skólans hafa leyst úr erindi eða erindum þínum?



Forráðamönnum gafst einnig kostur á að koma ábendingum og sjónarmiðum á framfæri við stjórnendur skólans með þremur opnum spurningum. Tölurnar í sviga sýna hversu margir forráðamenn nefndu viðkomandi atriði.

1. Er eitthvað sem þér finnst hafa verið vel gert varðandi móttöku nýnema, upplýsingagjöf frá skólanum og/eða kynningu á skólanum?
Svör forráðamanna benda til almennrar ánægju með móttöku og upplýsingagjöf skólans. Algengast var að nefnd væri ánægja með upplýsingagjöf og samskipti (11), skólann almennt (10), kynningarfund fyrir forráðamenn (8), góðan anda og skólabrag (8) og móttöku nýnema (6).
2. Er eitthvað sem þér finnst að mætti gera betur varðandi móttöku nýnema, upplýsingagjöf frá skólanum og/eða kynningu á skólanum?
Forráðamenn komu meðal annars með ábendingar varðandi nám og kennslu (5), félagslíf nemenda (5), upplýsingagjöf frá skólanum (4) og notkun Innu (2).
3. Annað sem þú vilt koma á framfæri við stjórnendur skólans?
Flestir þeirra sem svöruðu lýstu ánægju með skólann (18). Jafnframt bárust ábendingar og tillögur um nám, námsskipulag og kennslu (16), félagslíf nemenda (5) og fyrirkomulag forfalla og forfallakennslu (5).

Niðurstöðurnar benda til almennrar ánægju meðal bæði nýnema og forráðamanna. Þær gefa til kynna að móttaka nýnema, skólabragur, félagslíf og samskipti við heimili styðji við vellíðan nemenda og að skólinn sé á góðri leið með að ná því markmiði að a.m.k. 90% nemenda líði vel í skólanum. Ábendingar sem fram komu verða jafnframt nýttar til að styrkja starf skólans enn frekar.

2.3 Rýnihópar nemenda

Til að efla nemendalýðræði og skapa vettvang fyrir raddir nemenda voru haldnir rýnihópar með nemendum þann 24. apríl 2026. Til þátttöku voru boðaðir bekkjarformenn allra bekkja skólans. Markmið fundanna var að fá fram sjónarmið nemenda um nám, kennslu, hvatningu til náms og skólamenningu í Kvennaskólanum.

Unnið var með eftirfarandi spurningar:

- Hvernig kennslustundir nýtast ykkur vel eða illa?
- Hvað hvetur ykkur til að stunda námið og vilja læra meira?
- Hvað finnst ykkur einkenna skólamenninguna í Kvennó?
- Hvernig getum við í Kvennó, nemendur og starfsfólk, stuðlað að jákvæðri skólamenningu?

Niðurstöður rýnihópa

Nemendur lögðu áherslu á að fjölbreyttar kennsluaðferðir, skýrar útskýringar, umræður og tækifæri til virkrar þátttöku nýttust þeim best í námi. Jafnframt kom fram að áhugasamir og vel undirbúnir kennarar hefðu mikil áhrif á námsáhuga og árangur. Nemendur töldu einhæfar kennslustundir og langa fyrirlestra síður gagnast.

Helstu hvatar til náms voru áhugasamir kennarar, skýr markmið, gott skipulag og framtíðarmarkmið tengd útskrift og áframhaldandi námi. Félagslíf skólans var einnig nefnt sem mikilvægur hvatningarpáttur.

Nemendur lýstu skólamenningu Kvennaskólans sem jákvæðri, samheldinni og fordómalausri. Þeir töldu samskipti nemenda og starfsfólks góð og félagslífið einn helsta styrkleika skólans. Samhliða komu fram ábendingar um að efla mætti þátttöku nemenda enn frekar með aukinni kynningu á viðburðum og fleiri tækifærum til samveru og þátttöku.

Unnið var að því á starfsárinu að fastsetja form fyrir rýnihópa nemenda í samvinnu við stjórn nemendafélagsins. Verklagið hefur nú verið skilgreint og felur í sér að rýnihópar nemenda fari fram annað hvert ár. Til þátttöku eru boðaðir bekkjarformenn allra bekkja. Ef hvorki bekkjarformaður né varabekkarformaður getur mætt tilnefnir bekkurinn annan fulltrúa. Fyrirkomulagið stuðlar að markvissri þátttöku nemenda og tryggir að sjónarmið allra bekkja komi fram í umræðu um skólastarfið. Niðurstöður rýnihópanna verða nýttar í áframhaldandi þróun skólastarfs og umbótaverkefna skólans.

2.4 Stofnun ársins

Könnunin Stofnun ársins var lögð fyrir starfsfólk í lok árs 2025. Hún er framkvæmd árlega af Sameyki, stéttarfélagi í almannabjónustu, í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið og sér Gallup um framkvæmd og úrvinnslu hennar. Stofnun ársins er viðamikil starfsumhverfiskönnun sem hefur það að markmiði að meta styrkleika og þróunarmöguleika vinnustaða, styðja við umbætur í stjórnun og starfsumhverfi og veita viðurkenningu þeim stofnunum sem skara fram úr í mannauðsmálum. Í könnuninni eru mældir níu lykilþættir starfsumhverfis, meðal annars stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki í starfi, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunarinnar, ánægja og stolt starfsfólks og jafnrétti.


Eitt af markmiðum skólans er að efla starfsánægju. Árangur er metinn meðal annars út frá niðurstöðum könnunarinnar Stofnun ársins, þar sem fylgst er með heildareinkunn starfsánægju og mælikvarða á jafnrétti. Viðmið skólans eru 4,30 fyrir heildareinkunn starfsánægju og 4,41 fyrir jafnrétti.

Helstu niðurstöður

Heildareinkunn skólans árin 2021, 2022, 2023, 2024 og 2025.

	2021	2022	2023	2024	2025
Heildarmat	4,115	4,32	4,41	4,292	4,18


Helstu niðurstöður og samanburður stofnunar við allar stofnanir og stofnanir í sama flokki.



Fimm þættir sem komu **best** út hjá skólanum í könnuninni haustið 2025 voru:



Fimm atriði sem fengu lakasta útkomu hjá skólanum voru:



Eitt af markmiðum Kvennaskólans samkvæmt þriggja ára stefnumiðaðri áætlun er að efla starfsánægju og viðhalda öflugum mannauði. Árangur er meðal annars metinn út frá

niðurstöðum könnunarinnar Stofnun ársins, þar sem fylgst er með heildareinkunn starfsánægju og mælikvarða á jafnrétti. Viðmið skólans eru að heildareinkunn verði að lágmarki 4,30 og að einkunn fyrir jafnrétti verði að lágmarki 4,41.

Heildareinkunn Kvennaskólans árið 2025 var 4,18 samanborið við 4,29 árið 2024 og 4,41 árið 2023. Niðurstaðan er því undir viðmiði ársins 2025. Einkunn fyrir jafnrétti var hins vegar 4,46 og er því yfir markmiði skólans sem er 4,41. Niðurstöðurnar sýna jafnframt að starfsfólk metur sjálfstæði í starfi mjög hátt (4,51), ánægju og stolt af vinnustaðnum hátt (4,49) og jafnrétti (4,46). Helstu tækifæri til umbóta samkvæmt niðurstöðunum tengjast launakjörum (3,06) og vinnuskilyrðum (3,87).

2.5 Markmið, mælikvarðar, viðmið og staðan 2025 - 2026

Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Viðmið 2025	Staðan 2025
Auka gæði náms- og kennslu	Námsframboð	Nemendakannanir	86% nemenda telja námsframboð í kjarna- og valáföngum gott eða frekar gott.	86% nemenda telja námsframboð í kjarna- og valáföngum gott eða frekar gott (nemendakönnun vorönn 2025)
	Kennsluaðferðir	Kennslu- og áfangamat	69% nemenda sem telur kennsluaðferðir fjölbreyttar.	69% nemenda telja kennsluaðferðir fjölbreyttar
	Líðan nemenda	Nemendakannanir	90% nemenda sem líður vel í skólanum	82% nemenda líður vel í skólanum (nemendakönnun vorönn 2025) 87% nýnema líður vel í skólanum (nýnemakönnun haustið 2025)

Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Viðmið 2025	Staðan 2025
Efla námskraft og auka ábyrgð nemenda	Skólasókn	Viðveruskráning í Innu	90% nemenda sem eru með 80-100% raunskólasókn. Samsett gildi, meðaltal skólaársins 2025-2026	89% nemenda sem eru með 80-100% raunskólasókn
	Gildi námsins	Nemendakönnun	88% nemenda telja sig læra færni sem er mikils virði	87% nemenda telja sig læra færni sem er mikils virði (nemendakönnun vorið 2025)
	Vinna í kennslustundum	Kennslu- og áfangamat	87% nemenda sem telur vinnufrið í kennslustundum góðan. Samsett gildi, niðurstöður skólaársins 2025-2026	78% nemenda sem telur vinnufrið í kennslustundum góðan

Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Viðmið 2025	Staðan 2025
Að nemendur komi vel undirbúnir til framhaldsnáms	Undirbúningur fyrir framhaldsnám	Könnun lögð fyrir útskrifaða nemendur	% útskrifaðra nemenda sem telur sig vel undirbúna fyrir framhaldsnám (ekki sett viðmið fyrir árið 2025, viðmið fyrir árið 2027 er 91%)	90% útskrifaðra nemenda telja sig vel undirbúna fyrir framhaldsnám (könnun vorönn 2025)

Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Viðmið 2025	Staðan 2025
Öflugur mannauður	Starfsánægja	Stofnun ársins	Heildareinkunn 4,30	Heildareinkunn 4,18
	Jafnrétti	Stofnun ársins	4,41(samsett gildi úr 6 spurningum)	4,46

3 Greining á niðurstöðum

Í samræmi við [ný viðmið mennta- og barnamálaráðuneytisins fyrir innra og ytra mat í framhaldsskólum](#) er greining á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta sett fram samkvæmt þremur meginþáttum gæðastarfs: námi og kennslu, stjórnun og faglegri forystu og innra mati. Með þessari framsetningu er leitast við að draga fram helstu niðurstöður sjálfsmats skólans á skipulegan hátt, greina styrkleika skólastarfsins og benda á þau svið þar sem tækifæri eru til frekari þróunar og umbóta. Greiningin byggir á gögnum sem aflað hefur verið á skólaárinu 2025-2026, meðal annars með nemendakönnunum, starfsmannakönnunum, rýnihópaviðtölum, mati á gæðum áfanga og öðrum upplýsingum sem safnað hefur verið samkvæmt matsáætlun skólans. Niðurstöðurnar mynda jafnframt grunn að áframhaldandi umbótastarfi og eftirfylgni með markmiðum skólans.

3.1 Styrkleikar

Nám og kennsla

- Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar og markmið skólans um fjölbreytta kennslu náðist.
- Nemendur meta samskipti við kennara almennt jákvæð og telja kennara styðjandi.
- Námsmat er almennt talið sanngjarnt og í samræmi við hæfniviðmið áfanga.
- Kennarar vinna markvisst að þróun kennsluhátta og nýta fjölbreyttar kennsluaðferðir og stafræn verkfæri í kennslu.
- Mat á gæðum áfanga sýnir að námsáætlanir, skipulag kennslu og námsmat eru almennt vel útfærð.
- Útskriftarhlutfall nemenda er hátt og skólasókn almennt góð.
- Nýnemar virðast aðlagast skólanum vel og eru almennt ánægðir með móttöku og upplýsingagjöf.

Stjórnun og fagleg forysta

- Skólinn starfar eftir skýrri stefnu sem fylgt er eftir með markmiðum, mælikvörðum og aðgerðaráætlunum.
- Markviss vinna fer fram við þróun námsframboðs.
- Jafnrétti mælist yfir viðmiðum skólans samkvæmt könnuninni Stofnun ársins.
- Starfsfólk upplifir mikið sjálfstæði í starfi.
- Starfsfólk sýnir mikla ánægju og stolt af vinnustað sínum.
- Samstarf starfsfólks styður við þróun kennslu og skólastarfs.

Innra mat

- Innra mat er skipulagt og byggir á matsáætlun skólans.
- Sjálfsmat tengist stefnu skólans, markmiðum og umbótastarfi.
- Fjölbreytt gögn eru nýtt við mat á skólastarfi, meðal annars nemendakannanir, starfsmannakannanir, rýnihópar og mat á gæðum áfanga.
- Mat á gæðum áfanga hefur skapað mikilvægan grunn fyrir þróun kennslu, námsmats og námsáætlana.

3.2 Tækifæri til umbóta

Nám og kennsla

- Markmið skólans um vinnufrið í kennslustundum náðist ekki og áfram þarf að vinna að því að styrkja jákvætt námsumhverfi og vinnufrið í kennslustundum.

- Áfram þarf að efla gagnrýna hugsun, greiningu og röksemdafærslu nemenda þar sem við á.
- Endurskoða þarf vinnuálag í þeim áföngum þar sem vísbendingar eru um misræmi milli einingafjölda og raunverulegs vinnuframlags nemenda.
- Halda þarf áfram að samræma námsáætlanir og tryggja að allar nauðsynlegar upplýsingar komi þar fram.
- Meðalskólasókn skólaársins var rétt undir viðmiði skólans og því mikilvægt að halda áfram að styðja við góða ástundun nemenda.

Stjórnun og fagleg forysta

- Heildareinkunn Kvennaskólans í könnuninni Stofnun ársins var undir viðmiði skólans og hefur lækkað frá fyrri árum.
- Halda þarf áfram að styðja við faglega þróun starfsfólks og miðlun góðra starfs- og kennsluhátta.
- Efla enn frekar þátttöku starfsfólks í þróunar- og umbótastarfi skólans.

Innra mat

- Halda áfram að þróa mælikvarða sem veita skýrari upplýsingar um framgang markmiða og áhrif umbótaverkefna.
- Tryggja þarf áfram að niðurstöður mats séu nýttar markvisst við stefnumótun, forgangsörðun verkefna og þróun skólastarfs.
- Halda áfram innleiðingu nýrra gæðaviðmiða fyrir innra og ytra mat þannig að sjálfsmat skólans endurspegli sem best áherslur þeirra.

4 Verkefni/aðgerðir

4.1 Markmið og úrbætur sem gerðar voru á skólaárinu 2025-2026

Markmið	Úrbætur
Starfsbraut	Starfsbraut skólans tók til starfa haustið 2023. Stefnt að því að vinna við ritun námsbrautarinnar ljúki á skólaárinu. Komið vel á veg.
Áfangamat	Mat á gæðum áfanga – kennaramat. Stefnt að því að ljúka mati á öllum kjarnaáföngum á bóknámsbrautum til stúdentsprófs. Komið vel á veg.
Íslenskubraut	Íslenskubraut fyrir útlendinga tók til starfa haustið 2024. Vinna við ritun námsbrautarinnar heldur áfram. Komið vel á veg.
Grunnþættir menntunar	Endurskoða með hvaða hætti grunnþættir menntunar endurspeglast í starfsháttum skólans, skólabrag og inntaki námsgreina. Vinna hófst vorið 2025. Lokið.
Raddir nemenda	Klára að fastsetja form fyrir rýnihóp nemenda í samvinnu við stjórn nemendafélagsins. Lokið.
Ábyrgð nemenda	Endurskoða fræðsluefni um heiðarleg vinnubrögð í námi og siðareglur skólans, sérstaklega hvað varðar gervigreind. Vinna hófst á vorönn 2025. Lokið.

Græn skref í ríkisrekstri	Vinna heldur áfram. Priðja græna skrefinu lokið. Vinna heldur áfram.
Starfsmannamál	Endurskoða fyrirkomulag og ferli starfsmannasamtala. Vinna hófst haustið 2024. Komið vel á veg. Lokið.
Rafrænt prófakerfi	Innleiða rafrænt prófakerfi (Dugga). Vinna hófst haustið 2024. Komið vel á veg.
Félagslegt vinnuumhverfi	Greina félagslegt vinnuumhverfi samhliða gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði. Vinna hófst haustið 2024. Lokið.
Sjálfbær rekstur	Endurskoða rekstur mótuneytis. Undirbúningur hófst vorið 2025. Greina yfirvinnugreiðslur. Undirbúningur hófst vorið 2025. Lokið.
Móttaka nýs starfsfólks	Endurskoða móttöku nýs starfsfólks. Verkefni hafið.

4.2 Markmið og úrbætur sem stefnt er að á skólaárinu 2026-2027

Markmið	Úrbætur
Námsbrautir	Ritun námsbrauta (starfsbraut og íslenskubraut) og breytingar á áföngum á félags- og náttúruvísindabraut skráðar í námsbrautagrunn mennta- og barnamálaráðuneytisins. Komið vel á veg.
Skólabókasafn	Endurskoða starfsemi skólabókasafnsins. Undirbúningur hafinn.
Áfangamat	Mat á gæðum áfanga – kennaramat. Stefnt að því að ljúka mati á öllum kjarnaáföngum á bóknámsbrautum til stúdentsprófs. Lýkur á haustönn 2026.
Móttaka nýnema og nýnemafræðsla	Endurskoða móttöku nýnema og nýnemafræðslu. Komið vel á veg.
Námsmatsstefna skólans	Endurskoða námsmatsstefnu skólans. Komið vel á veg.
Starfspróun kennara	Starfspróunaráætlun og vinnuskipulag skólaþróunarteymis. Komið vel á veg.
Lærdómssamfélag og samvinna kennara	Skipuleggja faglegt samstarf kennara innan og milli námsgreina. Undirbúningur hafinn.
Forvarnarstarf	Skipulag forvarnarstarfs og vinna forvarnarteymis. Komið vel á veg.
Græn skref í ríkisrekstri	Vinna heldur áfram. Komið vel á veg.

Gæðastarf í framhaldsskólum	Innleiða ný viðmið fyrir innra og ytra mat í framhaldsskólum. Undirbúningur hafinn.
Tölvuumsjón	Endurskoðun á fyrirkomulagi tölvuumsjónar. Undirbúningur hafinn.
Rafrænt prófakerfi	Halda áfram innleiðingu á rafrænu prófakerfi (Dugga). Komið vel á veg.
Stofnun ársins	Nýta niðurstöður Stofnunar ársins til umbóta í starfsumhverfi og starfsháttum. Undirbúningur hafinn.
STEM námsgreinar	Safna og greina gögn um STEM-einingar útskrifaðra nemenda. Verkefni hafið.

Reykjavík, 9. september 2026

Björk Þorgeirsdóttir
verkefnastjóri sjálfsmats